



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

14. desember 2020

Mál nr. E-1130/2019:

Stefnandi: A

(Guðmundur Sæmundsson lögmaður)

Stefndi: Vátryggingafélag Íslands hf.

(Einar Baldvin Axelsson lögmaður)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 2020 í máli nr. E-1130/2019:

A

(Guðmundur Sæmundsson lögmaður)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Einar Baldvin Axelsson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 17. nóvember sl., var höfðað 14. mars 2019.

Stefnandi er A, [..., ...]

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi bótaskylda stefnda úr frjálsri ábyrgðartryggingu Frumherja hf., kt. 470297-2719, vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í vinnuslysi þann 19. október 2016. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara að sök verði skipt og stefnanda verði gert að bera meiri hluta sakar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

I

Tildrög málsins eru þau að stefnandi varð fyrir slysi 19. október 2016 í starfi sínu hjá Frumherja hf., en þar hafði hann starfað í rúm 17 ár. Stefnandi hafði gegnt ýmsum störfum fyrir félagið en starfaði á slysdegi sem þjónustufulltrúi. Í starfi hans fólst meðal annars að annast sendiferðir og flutning á gögnum milli skoðunarstöðva. Áður hafði hann starfað sem skoðunarmaður og við bílaviðgerðir. Frumherji hf. hafði keypt frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda.

Hinn 19. október 2016 var stefnandi að koma úr sendiferð. Gekk hann inn um göngudyr sunnanmegin við hús vátryggingartaka að Hesthálsi 6 til 8 í Reykjavík. Ágreiningslaust er að blautt var í veðri umræddan dag. Er stefnandi kom inn gekk hann meðfram gryfju, sem staðsett var á svokallaðri vörubílabraut, og í átt að göngubrú sem lá yfir gryfjuna. Af hálfu stefnanda er byggt á því að stefnandi hafi síðan stigið á göngubrúna og runnið til með þeim afleiðingum að hann hafi lent á hliðarkanti gryfjunnar og svo ofan í henni. Stefnandi byggir aftur á móti á því að ekki liggi fyrir hvar nákvæmlega stefnandi hafi verið staddur þegar hann féll, þ.e. hvort hann hafi verið kominn inn á göngubrúna eða enn þá verið á gólfinu, en gögnum málsins um þetta atriði ber ekki saman að öllu leyti. Stefnandi var í kjölfarið fluttur á bráðamóttöku Landspítala.

Samdægurs var lögreglu tilkynnt um málið og hún hafði í beinu framhaldi samband við Vinnueftirlitið.

Í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 19. október 2016, kemur fram að stefnandi hafi verið að koma úr sendiferð og komið inn um göngudyr á vörubílabraut. Í rými vörubílabrautarinnar sé gryfja sem stefnandi hafi gengið með fram, eins og ætlast sé til af starfsmönnum, að göngubrú sem liggi yfir gryfjuna. Um leið og hann hafi ætlað að stíga á göngubrúna hafi hann skrikað til með þeim afleiðingum að hann hafi fallið ofan í gryfjuna. Fram kemur að gryfjan sé 173 cm djúp og 94 cm á breidd. Haft er eftir stefnanda að hann hafi verið að koma úr hellirigningu og skórnir sennilega verið blautir því þegar hann hafi stigið á göngubrúna hafi hann runnið til, lent á hliðarkantinum og fallið ofan í gryfjuna. Um aðstæður á vinnustað segir í skýrslunni að bjart og þurrt sé innandyra, en mikil rigning og rok sé utandyra og hafi væta borist inn á gólf vinnurýmisins. Niðurstaða Vinnueftirlitsins var að orsök slyssins hefði verið sú að bleyta hefði verið á skóm stefnanda sem hefði valdið því að hann hefði runnið til á kantinum eða göngubrúnni. Loks koma fram fyrirsmáli um úrbætur í skýrslunni, þ.e. að rekja megi orsök slyssins til þess að kantur sé við gryfjuna sem hætta sé á að menn reki tána í ef þeir gangi nálægt henni og þá sérstaklega við göngubrúna. Einnig sé hætta á því að bleyta safnist á kantinum við gryfjuna. Fram kemur að gefin hafi verið munnleg fyrirsmáli um að gönguleiðir í kringum gryfjuna yrðu endurskoðaðar. Í skýrslunni er að finna myndir af vettvangi slyssins.

Í lögregluskýrslu, dags. 19. október 2016, kemur fram að lögregla hafi mætt á vettvang slyssins. Sjúkraflutningamenn hafi þá þegar verið mættir og fært stefnanda í sjúkrabifreið. Stefnandi hafi í samtali við lögreglu sagst hafa dottið á hægri kant og síðan ofan í gryfju á vinnustaðnum. Samstarfsfélagar stefnanda hafi haft sömu sögu að segja, þ.e. að stefnandi hafi gengið inn um hliðardyr á húsinu og að næstu göngubrú yfir gryfjuna. Þar hafi stefnandi misstigið sig og skolið á kanti gryfjunnar og fallið ofan í hana.

Í tilkynningu váttryggingartaka til Vinnueftirlitsins, dags. 24. október 2016, kemur fram að stefnandi hafi verið á leið inn í húsið um göngudyr á vörubílabraut sunnan megin við húsnæði félagsins. Hann hafi gengið meðfram gryfju þar til hann hafi komið að göngubrú sem liggi við gryfjuna. Um leið og hann hafi ætlað að stíga á brúna hafi hann skrikað til með þeim afleiðingum að hann hafi fallið ofan í gryfjuna.

Tjónið var tilkynnt stefnda með tjónstilkynningu frá stefnanda, dags. 6. október 2017, og með tjónstilkynningu frá váttryggingartaka, dags. 6. nóvember 2017. Þá var slysið tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands 30. október 2017.

Með bréfi, dags. 3. apríl 2018, óskaði lögmaður stefnanda eftir afstöðu stefnda til skaðabótaskyldu váttryggingartaka og þar með bótaskyldu úr frjálsri

ábyrgðartryggingu félagsins hjá stefnda. Stefndi hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 23. maí 2018.

Í gögnum málsins er að finna skriflega yfirlýsingu tveggja samstarfsmanna stefnanda, þeirra B og C, dags. 28. júní 2018. Þar kemur fram að þeir hafi á slysdegi setið í 10 metra fjarlægð frá umræddri göngubrú og orðið vitni að slysinu. Stefnandi hafi komið inn, stigið á brúna, runnið til á henni og fallið á hliðina og lent með framhandlegginn á gryfjukantinum og síðan oltið ofan í gryfjuna.

Fyrir liggur bréf D, dags. 11. júlí 2018, en hann starfaði sem deildarstjóri ökuþrófateildar og öryggisvörður hjá váttryggingartaka á slysdegi. Þar eru gerðar athugasemdir við umsögn Vinnueftirlitsins. Í fyrsta lagi sé misræmi í lýsingum Vinnueftirlitsins á slysinu. Í umsögninni segi að þegar stefnandi hafi stigið á brúna hafi hann runnið til. Aftur á móti gefi texti við mynd nr. 3 í umsögninni til kynna að stefnandi hafi rekið ták í kant við göngubrúna. Í öðru lagi segir í bréfinu að D hafi ítrekað bent starfsmanni Vinnueftirlitsins á olúblett á göngubrúnni sem hugsanlegan orsakavald slyssins, en hans sé ekki getið í umsögninni. Í þriðja lagi hafi tvö vitni gefið sig fram við starfsmann Vinnueftirlitsins sem ekki sé getið í umsögninni.

Í málinu liggur fyrir skrifleg yfirlýsing E, samstarfsmanns stefnanda, dags. 21. ágúst 2018. Þar lýsir hann því að hafa séð stefnanda falla ofan í gryfjuna umræddan dag. Er einnig rakið að bifreiðar sem skoðaðar hafi verið umræddan dag hafi verið blautar auk þess sem síðasta bifreið sem skoðuð var fyrir slysið hafi lekið olú og ekki sé ólíklegt að hún hafi skilið eftir sig olú við göngubrúna.

Stefnandi bar höfnun stefnda á bótaskyldu undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum með bréfi, dags. 6. september 2018. Með úrskurði, dags. 23. október 2018, hafnaði nefndin kröfum stefnanda.

Stefnandi óskaði eftir mati utan réttar á varanlegum afleiðingum slyssins. Með matsgerð, dags. 26. september 2018, komst E að þeirri niðurstöðu að varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda væri hæfilega metin 7%.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi, D, B, C og E.

II

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því að váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á slysinu sem hann hafi orðið fyrir 19. október 2016, enda megi rekja orsök slyssins til vanbúnaðar á vinnustað og háttsemi starfsmanns váttryggingartaka sem hann hafi borið ábyrgð á. Ábyrgð váttryggingartaka sé byggð á sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og reglunni um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna. Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir tímabundnu og varanlegu líkamstjóni vegna slyssins sem váttryggingartaka beri að bæta að fullu samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Um líkamstjón stefnanda vísist til meðfylgjandi læknisfræðilegra gagna og matsgerðar.

Í ljósi þess að váttryggingartaki hafi verið með í gildi frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda á slysdegi sé stefnda einum stefnt í þessu máli, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Aðbúnaður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi og það hafi leitt til þess að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Váttryggingartaki hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og reglugerðum settum með stoð í lögnum. Í ákvæðum laga nr. 46/1980 sé kveðið á um að vinnuveitandi eigi að ganga úr skugga um og tryggja að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt á vinnustað, sbr. 13. og 42. gr. laganna.

Göngubrúin yfir vörubílagryfjuna hafi verið vanbúin. Hún hafi ekki verið nógu breið og göngufloeturinn ekki verið alveg sléttur. Í aðdraganda slyssins hafi verið búið að gera athugasemdir við ástand göngubrúarinnar þar sem hún hafi ekki verið talin örugg. Þá hafi göngubrúin oft verið hál í bleytu. Eftir slysið hafi verið lögð ný göngubrú sem sé breiðari og með köntum á hliðunum til að varna því að starfsmenn renni til.

Váttryggingartaki hafi ekki gert ráðstafanir áður en slysið varð til að draga úr hálfu á göngubrúnni, sbr. 5. mgr. 6. gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Þá hafi ekki verið gerðar ráðstafanir til að ganga þannig frá gryfjunni að ekki væri hætt á að starfsfólk gæti fallið og slasast, sbr. 4. mgr. 3. gr. reglna nr. 581/1995. Þetta hafi hins vegar verið gert eftir slysið. Á slysdegi hafi vinnustaðurinn því verið vanbúinn, ekki í samræmi við framangreindar reglur og þar með hættulegur fyrir stefnanda og það hafi orðið þess valdandi að hann hafi orðið fyrir tjóni sem váttryggingartaki beri ábyrgð á.

Slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanns váttryggingartaka, sbr. fyrrnefnda yfirlýsingu E, starfsmanns váttryggingartaka, dags. 21. ágúst 2018, og 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 145/1953 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum. Í ákvæðinu komi fram að viðkomandi verkamanni sé skylt að hreinsa strax upp af gólfi það sem hann kunni að missa niður á það, svo sem olú, feiti og annað, sem valdi óþrifnaði og dragi úr umferðaröryggi. Stefnandi telji ljóst að starfsmaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi með því að hlutast ekki til um að þrifa upp bleytu og olú af gólfi vörubílabrautarinnar. Váttryggingartaki beri ábyrgð á háttsemi starfsmannsins á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Hvað varði líkamstjón stefnanda þá hafi hann hlotið áverka á hægri úlnlið. Stefnandi hafi ekki getað starfað nema að mjög litlu leyti hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ekki hafi verið aflað sérfræðilegs álits um örorku og miskastig stefnanda samkvæmt 10. gr. laga nr. 50/1993, en ljóst sé af framangreindu og fyrirbyggjandi matsgerð að stefnandi glími við varanlegar afleiðingar slyssins.

Um lagarök sé meðal annars vísað til ákvæða laga nr. 50/1993 og almennra reglna skaðabótaréttar, laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á

vinnustöðum og reglugerða sem settar hafi verið með stoð í lögnum, einkum reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða og reglugerðar nr. 145/1953 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum.

III

Stefndi kveðst alfarið hafna öllum kröfum og röksemdum stefnanda. Stefndandi verði að sanna að hann hafi orðið fyrir tilteknu tjóni og umfang tjónsins. Auk þess beri hann sönnunarbyrðina fyrir því hver atvik að baki tjóninu hafi verið, að rekja megi tjónið til saknæmrar háttsemi þess sem hann telji að beri skaðabótaábyrgð á tjóninu og að orsakatengsl séu milli tjónsins og hinnar saknæmu háttsemi. Stefnanda hafi aftur á móti ekki tekist að sanna að tjónið megi rekja til atvika sem váttryggingartaki, eða menn sem félagið beri ábyrgð á, beri skaðabótaábyrgð á að lögum og þar með að bótaréttur hafi stofnast stefnanda til handa úr ábyrgðartryggingunni. Ekkert hafi komið fram í málinu sem leiði til þess að slakað sé á framangreindum sönnunarkröfum og/eða sönnunarbyrði sé að einhverju leyti snúið við.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að um óhappatilvik hafi verið að ræða, í öðru lagi að sök sé ósönnuð og í þriðja lagi að stefndandi hafi glatað bótarétti vegna stórfellds gáleysis.

Hvað fyrsta atriðið varði þá megi ráða af gögnum málsins að ekkert athugavert hafi verið við aðbúnað og vinnustað váttryggingartaka sem leitt hafi til tjónsins. Þannig hafi ekkert sem viðkom gryfjunni eða göngubrúnni eða vinnustaðnum að öðru leyti valdið tjóninu. Starfsmenn hafi ekki sýnt af sér nokkra saknæma háttsemi. Orsök þess að stefndandi hafi fallið niður í gryfjuna hafi eingöngu verið sú að skór stefnanda hafi verið blautir og það hafi leitt til þess að hann hafi runnið til með fyrnefndum afleiðingum.

Því sé um hreint óhappatilvik að ræða og/eða atvik sem sé eingöngu að rekja til aðgæsluleysis stefnanda sjálfs. Í hvorugu tilvikum sé um að ræða skaðabótaábyrgð stefnda. Af þeim sökum stofnist ekki til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingunni, sbr. skilmála tryggingarinnar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í öðru lagi á því að það sé með öllu ósannað að váttryggingartaki eða starfsmenn félagsins hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með þeim hætti sem stefndandi byggir á í stefnu. Málalíbúnaður stefnanda grundvallast að þessu leyti á því að a) hann hafi dottið af göngubrúnni, b) að göngubrúin, gryfjan og vinnustaðurinn hafi verið vanbúin og c) að starfmaður váttryggingartaka hafi sýnt af sér gáleysi með því að hlutast ekki til um að þrifa upp olíu af gólfi en á því beri váttryggingartaki skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Stefndi mótmæli þessu alfarið sem röngu og ósönnuðu enda málsatvik þvert á móti skýr um að sé einhver sök fyrir hendi liggi hún öll hjá stefnanda sjálfum.

Ósannað sé hvar nákvæmlega stefnandi hafi verið staddur þegar hann hafi fallið, þ.e. hvort hann hafi verið kominn inn á göngubrúna eða enn þá verið á gólfinu, en gögnum málsins um það beri ekki saman að öllu leyti. Af þessum gögnum verði ekki ráðið að stefnandi hafi fallið af göngubrúnni. Þvert á móti bendi þessi gögn til þess að stefnanda hafi skrikað fótur áður en hann steig út á brúna. Ástand brúarinnar skipti því engu máli. Af þeim sökum verði ekki komist hjá því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Stefndi leggi áherslu á að sönnunarbyrðin um atvik málsins hvíli á stefnanda, sem þýði að ef einhver vafi sé fyrir hendi verði að skýra hann stefnanda í óhag.

Sé hins vegar talið að stefnandi hafi sannað að hann hafi dottið af göngubrúnni byggi stefndi á því að brúin hafi verið í góðu lagi og ástandi og að ekki megi rekja slysið á nokkurn hátt til hennar. Stefndi hafni því alfarið sem röngu og ósönnuðu að váttryggingartaki hafi með saknæmum hætti brotið gegn lögum og reglum sem stefnandi tilgreini í stefnu. Fyrir það fyrsta þá hafni stefndi því að saknæmi verði byggt á nefndum ákvæðum, enda sé hér um að ræða almenn ákvæði sem ekki veiti leiðbeiningar um sakarmat. Þá dugi ekki að vísa almennt til nefndra lagaákvæða um meinta sök heldur verði að tilgreina hvaða ákvæði nákvæmlega hafi verið brotin og þá með hvaða hætti. Á skorti að slíkt sé gert í stefnu og þar með ósannað að um einhverja saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Stefndi hafni því sem röngu og ósönnuðu að göngubrúin hafi verið vanbúin og að ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að draga úr hálfu á henni. Af ljósmyndum sem Vinnueftirlitið hafi tekið eftir slysið megi sjá að göngubrúin sé úr grófriffludum málmi sem sé einmitt til þess fallinn að auka stöðugleika þess sem standi á brúnni og draga þannig úr hættu á falli. Því sé ljóst að skilyrðum ákvæðis 5. mgr. 6. gr. reglna nr. 581/1995, sem kveði á um að gera skuli ráðstafanir til að draga úr hálfu á gólfum þar sem þess gerist þörf, hafi verið fullnægt. Allt að einu telji stefndi það með öllu ósannað að göngubrúin hafi ekki uppfyllt þessi skilyrði, enda hafi stefnandi ekki bent á neinar aðrar aðgerðir eða ráðstafanir sem váttryggingartaki hefði átt að grípa til í því skyni að uppfylla ákvæðið og þá hvort slíkar ráðstafanir hefðu getað komið í veg fyrir umrætt slys, en sönnunarbyrðin um það sé öll hans. Þessu til stuðnings bendi stefndi á að í skýrslu Vinnueftirlitsins hafi í engu verið fundið að gerð eða efni göngubrúarinnar eða aðbúnaði á vinnustaðnum að öðru leyti, heldur eingöngu gefin munnleg fyrirmæli um að gönguleiðir í kringum gryfjuna yrðu endurskoðaðar. Af þeim sökum megi ganga út frá því að ekkert athugavert eða óeðlilegt hafi verið við göngubrúna og útbúnað hennar. Þá bendi stefndi á að aldrei hafi átt sér stað sambærilegt slys þarna.

Stefndi hafni því að í innri úttekt sem gerð hafi verið einu ári áður en umrætt slys hafi átt sér stað hafi að einhverju leyti komið fram að göngubrú sú sem um ræði væri óörugg, gagnstætt því sem haldið sé fram í stefnu. Í úttektinni komi eingöngu fram að bæta þurfi göngubrúna en hvergi sé tekið fram að um frávík eða alvarlegt frávík hafi

verið að ræða, gagnstætt öðrum atriðum sem gerðar séu athugasemdir við. Þá liggi ekkert fyrir um hvort og þá hvaða úrbætur hafi verið gerðar í kjölfar úttektarinnar og þá hvort og hvaða breytingar hafi verið gerðar á göngubrúnni.

Stefndi hafni því jafnframt sem röngu og ósönnuðu að ekki hafi verið gengið frá gryfjunni á þann hátt að ekki væri hætt á að starfsfólk eða aðrir gætu fallið niður og slasast, sbr. 4. mgr. 3. gr. reglna nr. 581/1995. Þvert á móti sýni myndir sem liggi fyrir í málinu að gryfjan sé vel merkt með skærgulum litaborðum sem límdir séu á gólfíð. Öllum sem gangi um svæðið ætti því að vera ljóst að þar sé gryfja og að sýna beri aðgát og varúð. Eðli þeirrar starfsemi sem fram fari í húsnæði váttryggingartaka krefjist þess að gryfjurnar séu opnar enda keyri bifreiðar þar yfir og unnið er í undirvagni bifreiða ofan í gryfjunni. Fyrirnefnt ákvæði reglna nr. 581/1995 veiti litlar sem engar vísbendingar um það á hvaða hátt gryfjan hafi átt að vera útbúin. Stefnandi hafi með engum hætti reynt að benda á það með hvaða hætti aðbúnaður við gryfjuna hefði átt að vera svo skilyrðum ákvæðisins væri fullnægt og því sé með öllu ósannað að gryfjan hafi verið vanbúin að einhverju leyti.

Stefndi bendir jafnframt á það að frásögnum af því með hvaða hætti slysið hafi orðið, þ.e. hvort stefnandi hafi runnið á gólfinu, runnið af göngubrúnni eða sparkað í kant gryfjunnar með þeim afleiðingum að hann hafi dottið, beri ekki að öllu leyti saman. Sé frásögn í stefnu lögð til grundvallar, þ.e. að stefnandi hafi runnið á göngubrúnni sjálfri vegna olíu sem á henni hafi verið, sé ljóst að engin orsakatengsl séu á milli ætlaðs vanbúnaðar á frágangi gryfjunnar og slyss stefnanda og skilyrði bótaábyrgðar því ekki fyrir hendi.

Stefndi mótmælir því sem ósönnuðu er greini í fyrrgreindri skriflegri yfirlýsingu E um að olíublettur hafi verið á göngubrúnni sem orsakað hafi tjónið, en stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því með hvaða hætti slysið hafi átt sér stað. Í fyrsta lagi sé hvergi í skýrslum lögreglunnar og Vinnueftirlitsins tekið fram að olía eða önnur óhreinindi hafi verið á göngubrúnni sem gætu hafa orsakað tjónið. Í öðru lagi staðfesti starfsmaðurinn hvergi í yfirlýsingu sinni að hann hafi séð olíublett á göngubrúnni, heldur telji aðeins að ekki sé ólíklegt að slíkur blettur hafi verið á brúnni.

Jafnvel þó að olíublettur hefði verið á göngubrúnni þá yrði slíkt ekki metið starfsmönnum váttryggingartaka til sakar. Í fyrirnefndu ákvæði reglugerðar nr. 145/1953 komi fram að gólfum skuli haldið hreinum eftir því sem föng eru á og skuli viðkomandi verkamanni skylt að hreinsa strax upp af gólfi það sem hann kunni að missa niður á það, svo sem olíu, feiti og annað, sem valdi óþrifnaði og dragi úr umferðaröryggi. Eins og fram komi í yfirlýsingu starfsmannsins hafi hann ekki getað staðfest hvort olía hafi lekið á göngubrúna eða ekki og hafi hann af þeim sökum engin tók haft á að þrífa hana upp.

Þá telji stefndi jafnframt ljóst að jafnvel þó að hann hafi vitað af hinum meinta olíubletti þá verði það ekki metið honum til sakar að hafa skotist á snyrtinguna eftir að

skoðuninni lauk í stað þess að grípa strax til ráðstafana í því skyni að hreinsa olíuna upp, en ljóst sé að mjög skammur tími leið þarna á milli. Verði í þessu samhengi að líta til þess að um bifreiðaverkstæði sé að ræða þar sem eðlilegt sé að olía og önnur efni leki á gólfið auk þess sem mikill fjöldi bíla keyri þar í gegn á degi hverjum með tilheyrandi bleytu og óhreinindum. Ógerningur væri fyrir starfsmenn bifreiðaverkstæða að fara eftir reglum sem gerðu kröfu um að í hvert sinn sem hin minnstu óhreinindi kæmu til þyrftu starfsmenn að láta af allri annarri starfsemi þegar í stað og þrifa upp viðkomandi óhreinindi. Ljóst sé að hvorki sé hægt að gera slíka kröfu til starfsmanna bifreiðaverkstæða né sé hægt að skilja umrætt ákvæði reglnanna með svo rúmum hætti, sbr. orðalag ákvæðisins „eftir því sem föng eru á“.

Hvorki hafi verið um mistök starfsmanna váttryggingartaka að ræða né hafi þeir að einhverju leyti vikið frá viðurkenndu verklagi eða á annan hátt vikið frá því sem eðlilegt og venjulegt sé talið. Skilyrðum sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð sé því ekki fullnægt og bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Stefndi byggji sýknukröfu sína í þriðja lagi á því að jafnvel þó að niðurstaðan verði sú að stefnandi eigi bótarétt hafi hann glatað þeim rétti að fullu vegna stórfellds gáleysis, sbr. 23. gr. a laga nr. 50/1993. Slysið hafi eingöngu orðið vegna athafna stefnanda sjálfs. Eins og fram hafi komið hafi mikil rigning og rok verið umræddan dag og stefnandi hafi verið nýkominn úr sendiferð. Óumdeilt sé að skór hans hafi verið blautir þegar slysið hafi orðið.

Stefnandi hafi lengst af starfað við bílaviðgerðir, lengi á eigin verkstæði í bílskúr við hús sitt, síðar hjá Heklu og frá 1999 hjá váttryggingartaka sem skoðunarmaður 2 og þjónustufulltrúi. Samkvæmt þessu hafi stefnandi starfað hjá váttryggingartaka í tæp 18 ár þegar slysið hafi átt sér stað og því verið vel kunnugur aðstæðum á vinnustaðnum. Þá hafi stefnandi mikla reynslu í bílaviðgerðum á verkstæðum. Stefnandi hafi verið 61 árs á slysdegi. Í því ljósi byggji stefndi á því að stefnandi hafi haft næga þekkingu og reynslu til þess að átta sig á aðstæðum og hefði sjálfur getað varnað meintu tjóni sínu með einföldum hætti.

Stefnanda hafi verið, og í öllu falli mátt vera, ljóst að bleyta og önnur óhreinindi, eins og til dæmis olía, kunni að berast inn á vinnusvæðið, sér í lagi við þær veðuraðstæður sem hafi verið þegar slysið átti sér stað. Þar að auki sé öllum gegnum og skynsömum mönnum ljóst að bleyta og önnur óhreinindi kunni að valda því að yfirborð verði hálla en ella. Í ljósi þekkingar og reynslu stefnanda hefðu aðstæður á verkstæðinu ekki átt að koma honum á óvart, enda komi fram í fyrrgreindri yfirlýsingu samstarfsmanns hans að göngubrúin sé oft blautt. Í ljósi þessa verði að gera ríkar kröfur til stefnanda um að gæta sérstakrar varúðar og sýna aðgát sé bleyta á skóm hans. Auk þess verði að gera ríkar kröfur til hans um að huga að því hvort önnur óhreinindi, eins

og til dæmis olía, sé þar sem hann gangi. Það hafi stefnandi hins vegar ekki gert og verði stefndi ekki látinn bera hallann af því.

Hefði stefnandi talið aðstæðum á vinnustaðnum ábótavant, þá hefði honum borið að tilkynna um slíka ágalla til yfirmanna eða öryggisvarðar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1980. Engar athugasemdir hafi hins vegar borist frá stefnanda, hvorki að því er varði gryfjuna eða göngubrúna né varðandi vinnustaðinn að öðru leyti. Hér megi því allt eins halda því fram að stefnandi hafi sjálfur brugðist skyldum sínum og þannig átt þátt í tjóni sínu sjálfur.

Þá sé rétt að hafa í huga að stefnanda hafi verið í lófa lagið að nota ekki göngubrúna til þess að komast fram hjá gryfjunni. Hann hafi getað gengið annað hvort fram hjá henni þar sem stefnandi kom inn í verkstæðið eða gengið meðfram göngubrúnni allri og fram hjá henni við enda hennar í hinum enda verkstæðisins.

Af öllu framangreindu sé ljóst að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi þegar hann hafi gengið yfir göngubrúna á blautum skónum án þess að sýna fulla varúð og aðgát. Hafi eitthvað saknæmt verið á ferðinni sem leitt hafi til slyss stefnanda sé það eingöngu að rekja til stefnanda sjálfs. Á því beri váttryggingartaki ekki skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda sé þess krafist að sök verði skipt og réttur stefnanda til skaðabóta aðeins viðurkenndur að hluta þar sem stefnandi hafi orðið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi, sbr. 23. gr. a laga nr. 50/1993 og framangreinda umfjöllun.

Um lagarök sé einkum vísað til almennra reglna váttrygginga- og skaðabótaréttar, einkum sakarreglunnar og meginreglna um sönnun og sönnunarbyrði, óhappatilvik og stórfellt gáleysi, laga nr. 50/1993 og laga nr. 46/1980.

IV

Stefnandi höfðar mál þetta til viðurkenningar á bótaskyldu stefnda vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir við störf sín hjá Frumherja hf. 19. október 2016. Ágreiningslaust er að félagið hafði keypt frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda sem var í gildi á slysdegi. Stefndi vefengir ekki að slys hafi átt sér stað og að það hafi valdið stefnanda einhverju tjóni. Aftur á móti byggir hann á því að skilyrði fyrir skaðabótaskyldu váttryggingartaka séu ekki uppfyllt í málinu. Þar með sé ekki unnt að fallast á greiðsluskyldu stefnda úr tryggingunni.

Fyrir liggur að stefnandi ók bifreið að húsnæði váttryggingartaka að Hesthálsi 6 til 8 umræddan dag. Þar var starfrækt skoðunarstöð. Úti var rigning og rok. Stefnandi fór inn um dyr á hlið hússins og gekk síðan meðfram gryfju svokallaðrar vörubílabrautar og hugðist ganga yfir göngubrú sem lá þvert yfir gryfjuna. Málsaðila greinir síðan á um hvernig slysið bar nákvæmlega að í framhaldinu. Stefnandi byggir málatilbúnað sinn í

Þessum efnum á því að hann hafi runnið til þegar hann steig á göngubrú sem lá yfir gryfjuna. Stefndi byggir aftur á móti á því að þetta sé ósannað og nærtækast sé að líta svo á að stefnandi hafi runnið til á gólfinu rétt áður en hann hugðist stíga út á brúna.

Enda þótt gögn málsins séu ekki öll fyllilega samhljóða um það hvort stefnanda hafi skrikað fótur rétt áður en hann hugðist stíga á brúna eða eftir að hann steig á hana, þá er til þess að líta að málatilbúnaður stefnanda samræmist frásögn hans á vettvangi á slysdegi, sbr. umfjöllun í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 19. október 2016. Þar er haft eftir stefnanda að hann hafi verið að koma úr hellirigningu og skórnir sennilega verið blautir því þegar hann hafi stigið á göngubrúna hafi hann runnið til, lent á hliðarkantinum og fallið ofan í gryfjuna. Þessi frásögn er auk þess studd framburði vitnanna C og B, sem voru við störf sem skoðunarmenn á vinnustaðnum umrætt sinn. Vitnin báru með trúverðugum hætti fyrir dómi að þau hefðu séð stefnanda stíga á brúna og renna til á henni. Að öllu þessu virtu telst sannað að stefnandi hafi runnið til eftir að hafa stigið fæti niður á umrædda göngubrú.

Stefnandi byggir á því að aðbúnaður á vinnustað hans hafi verið ófullnægjandi og það hafi valdið honum tjóni. Þannig hafi göngubrúin verið vanbúin og ráðstafanir skort af hálfu váttryggingartaka til að draga úr hálfu á brúnni. Á þessu beri váttryggingartaki skaðabótaábyrgð.

Í málinu liggja fyrir nokkuð skýrar ljósmyndir lögreglu og Vinnueftirlitsins af brúnni á slysdegi. Þær bera með sér að yfirborð brúarinnar, sem er úr málm, er rifflað. Slíkt eykur bersýnilega viðnám og felur þar með í sér ákveðna hálkuvörn. Þá liggja fyrir í málinu myndir af sambærilegri göngubrú yfir gryfju í smurstöð annars íslensks fyrirtækis sem bera með sér að ekki sé óvenjulegt að notaðar séu brýr á borð við þessa til að þvera gryfjur í skoðunar- eða smurstöðvum. Gula viðvörðunarkerkingu er að finna fyrir framan brúna og raunar í kringum alla gryfjuna. Í gögnum málsins er að finna úttekt váttryggingartaka á vinnustaðnum sem gerð var á tímabilinu 15. október 2015 til 19. sama mánaðar. Þar er gerð grein fyrir almennum frávikum og alvarlegum frávikum. Ekki er í þeim efnum minnst á brúna. Aftur á móti segir í umfjöllun um niðurstöður úttektarinnar að bæta þurfi göngubrú við gryfju á vörubílabraut. Þrátt fyrir þetta liggja engar athugasemdir af hálfu Vinnueftirlitsins fyrir í málinu um ástand brúarinnar, sbr. einnig framburð D fyrir dómi, en hann starfaði sem deildarstjóri ökuþrófádeildar og öryggisvörður hjá váttryggingartaka á slysdegi. Þá er ekkert fundið að ástandi brúarinnar í umsögn Vinnueftirlitsins, dags. 19. október 2016, sem þó er beinlínis rituð í tilefni af slysi stefnanda. Að mati dómsins verður ekki séð að hönnun eða ástand brúarinnar hafi verið andstætt 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 eða 5. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 3. gr. reglna nr. 581/1995. Að öllu þessu virtu er ekki unnt að fallast á það með stefnanda að umrædd göngubrú hafi verið vanbúin eða á annan hátt með þeim hætti að það teljist til saknæmrar háttsemi af hálfu váttryggingartaka.

Stefnandi byggir einnig á því að samstarfsmaður hans, E, hafi sýnt af sér gáleysi með því að hreinsa ekki upp olúbletti af brúnni sem lekið hafi úr vörubifreið sem skoðuð hefði verið stuttu fyrir slysið. Á þessu beri váttryggingartaki skaðabótaábyrgð, sbr. einnig regluna um vinnuveitandaábyrgð. Í þessum efnum vísar stefnandi einkum til 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 145/1953 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum. Í umræddu ákvæði kemur fram að til þess að koma í veg fyrir hálfu á gólfum skuli þeim haldið hreinum eftir því sem föng séu á. Þannig sé viðkomandi verkamanni skylt að hreinsa strax upp af gólfi það sem hann kunni að missa niður á það, svo sem olú, feiti og annað.

Stefndi mótmælir því sem ósönnuðu að olía hafi verið á brúnni umrætt sinn. Í málinu liggur aftur á móti fyrir nokkuð skýr ljósmynd sem lögregla tók af brúnni á slysdagi. Þar virðast sjást nokkrir olúblettir á brúnni. Á sama veg bar vitnið E fyrir dómi, en í skýrslu vitnisins kom fram að það hefði verið við störf sem skoðunarmaður umræddan dag. Vitnið hefði lokið við að skoða vörubifreið. Undan bifreiðinni hefði lekið olía. Vitnið hefði haldið inn á salerni í kjölfar skoðunarinnar til að þrifa sig. Síðan þegar vitnið hefði komið aftur af salerninu hefði það séð stefnanda falla ofan í gryfjuna. Á því stigi hefði vitnið ekki vitað af olú á brúnni. Í kjölfar slyssins hefði vitnið skoðað aðstæður og séð olú á brúnni. Vitnið bar fyrir dómi að ef það hefði vitað af olúnni á umræddum stað í kjölfar skoðunar á vörubifreiðinni þá hefði það verið næsta verk sitt að hreinsa brúna. Að öllu þessu virtu telst sannað að olía hafi verið á brúnni er stefnandi steig á hana umrætt sinn.

Við mat á því hvort umræddur samstarfsmaður stefnanda hafi sýnt af sér gáleysi umrætt sinn verður að líta til þess að hann hafði ekki sjálfur misst olú niður á umrædda göngubrú og ósannað er að honum hafi verið kunnugt um að olía hafði lekið á brúna áður en slysið varð. Verða ekki aðrar kröfur gerðar til hans en þær að hann héldi vinnusvæðinu hreinu eftir því sem föng voru á, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 145/1953. Að þessu virtu verður ekki séð að háttsemi umrædds samstarfsmanns hafi verið saknæm umrætt sinn, enda leið skammur tími frá því að skoðun hans á vörubifreiðinni lauk og hann hélt á snyrtinguna þar til hann sneri aftur til starfa á vörubílabrautinni.

Loks verður við mat á þessum atriðum að líta til þess að stefnandi hafði starfað hjá váttryggingartaka um árabíl. Þannig lýsti hann því fyrir dómi að hann hefði verið búinn að ganga um á þessari brú frá árinu 1999 og væri vanur að ganga á henni. Sagðist hann raunar þekkja brúna svo vel að hann hefði næstum því getað farið blindandi yfir hana. Hann hefði alltaf passað sig þegar hann hefði gengið yfir hana og hefðu sumir samstarfsmenn hans kosið að ganga ekki á henni. Var honum því kunnugt um að sýna þyrfti aðgát þegar gengið væri yfir brúna, enda lá hún yfir opna gryfju. Þá gjörþekkti stefnandi aðstæður á vinnustaðnum og gat ekki komið á óvart að smurólía gæti gert vart

við sig þegar bifreiðar færu í gegnum skoðunarstöðina. Þá var stefnandi að eigin sögn meðvitaður um að bleyta væri líklega undir skóm hans umrætt sinn, en slíkt kallaði á aukna aðgát af hans hálfu.

Að öllu framangreindu virtu verður að telja að hér hafi verið um óhappatilvik að ræða sem ekki verði rakið til bótaskyldrar háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna á vegum hans. Í samræmi við það ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðmundur Sæmundsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Einar Baldvin Axelsson lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 2. september sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Váttryggingafélag Íslands hf., er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Arnaldur Hjartarson.